

Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalin,
skipulagsfulltrúi
Hlíðavegi 6
660





UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júlí 2012
Tilvísun: UST20120700064/bs

Skipulagslýsing og matslýsing vegna deiliskipulags stækkunar Kröfluvirkjunar. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps dags. 9. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda skipulagslýsingu. Umhverfisstofnun bendir á að í álitni Skipulagsstofnunar dags. 24. nóvember 2010 vegna mats á umhverfisáhrifum Kröfluvirkjunar II segir m.a.: *"Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar um að í því skyni að halda fjölda efnistökusvæða í lágmarki og einskorða rask vegna fyrirhugaðra framkvæmda við skilgreint iðnlaðarsvæði, eigi ekki að gera ráð fyrir efnistöku við Sandfell sem er í talsverðri fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði."* Umhverfisstofnun telur í ljósi ofangreinds álits Skipulagsstofnunar eigi að leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum vegna efnistöku. Umhverfisstofnun telur að gera eigi áætlun um vinnslu og frágang þeirra náma sem nú eru í notkun, þ.e. Sandabotna og Grænagilsöxl. Meta ætti vinnanlegt magn á þessum svæðum og gera áætlun um vinnslu og frágang þessara náma áður en námum verður fjölgað vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Kanna mætti hvort haga mætti vinnslu þannig að efni væri unnið á lager í nokkru magni og bæta með þeim hætti ásýnd þessara svæða í stað þess að hafa stöðugt opið og ómótað vinnslusvæði í námunni. Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í samræmi við fyrrnefnt álit Skipulagsstofnunar segir m.a. um staðsetningu mannvirkja: *"Varðandi framkvæmdir í grennd við Hrafninnuhrygg þá eru þær fyrirhugaðar í innan við 500 m frá hryggnum en að álitni Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar eiga mannvirki að vera í a.m.k. 500 m fjarlægð frá hryggnum; ekki eigi að þröngja meira að Hrafninnuhrygg sem hafi ótvírætt verndargildi. Skipulagsstofnun telur að að setja þurfi það skilyrði að mannvirki eins og borsvæði, safnæðalagnir og vegur, verði í a.m.k. 500 m fjarlægð frá rótum Hrafninnuhryggs."* Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki aðrar athugasemdir við skipulagslýsingu. Stofnunin áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir


Björn Stefánsson